

Skólaráðsfundur

28.nóvember 2011.

Mætt voru; Börkur skólastjóri, Inga aðstoðarskólastjóri, fulltrúi starfsmanna : Þorsteinn, fulltrúar kennara : Arnheiður og Sigurlína, fulltrúi foreldra: Ingólfur og Hafdís, fulltrúar nemenda : Mist og Sölvi Karl.

Til umræðu bekkjarnámsskrár, spurt hvort miklar breytingar verða milli ára. Veigamestu breytingarnar voru síðast þegar ný Aðalnámskrá tók gildi. Ákveðnar áherslubreytingar verða stundum milli ára með tilliti til hvernig hefur gengið. Kennarar fara yfir skólanámskrá á hverju hausti og nýta þá skýrslu fyrra árs til að skoða hversu vel hefur tekist til að ná markmiðum og gera þá á stundum breytingar með það í huga.

Nú er að koma ný Aðalnámskrá og mun hún taka gildi á næstu misserum. Rætt um einstaklingsnámskrár, hvernig eru þær unnar og hverjir eru með slíkt.

Rætt um samstarfsfund um nýtt stefnukort SFS sem haldinn var í síðustu viku og þrjár skólaráðsfulltrúar tóku þátt í.

Börkur fór yfir stefnukort skólans og nýjar niðurstöður mælinga sem settar hafa verið inn við mælikvarðann.

Í framhaldi af mælinganiðurstöðum var rætt um ástand skólalóðarinnar og rætt um aðkomu foreldrafélagsins að þeim málum. Tilvalið að foreldrafélagið sé þrýstihópur um úrbætur á skólalóðinni.

Rætt um ýmislegt sem varðar öryggismál barna og aðkomu fyrirtækjaauglýsinga á slíkum hlutum s.s. endurskinsmerkjum.

Næsti fundur ákveðinn 9. janúar 2012

Fundi slitið

Inga Sigurðardóttir.